2019

Húsakönnun Patterson

Helgi Biering

þjóðfræðingur

TEXTI OG HÖNNUN:

Helgi Biering, þjóðfræðingur.

YFIRLESTUR:

Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur bókasafns Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

KORTAVINNSLA:

Helgi Biering þjóðfræðingur.

VARÐVEISLUMAT:

Þorleifur Björnsson byggingafræðingur, Óskar Ásgeirsson byggingaverkfræðingur og Guðmundur Árni Þórðarson byggingafræðingur hjá Glóra ehf.

FORSÍÐUMYND:

Helgi Biering. Tekið af sprengjugeymslu 2074, 4. febrúar 2019 í frostþoku og sólskin yfir þokunni og á móti.

Byggða- og húsakönnun Patterson flugvallar.

© Helgi Biering , Þorleifur Björnsson, Guðmundur Árni Þórðarson og Óskar Ásgeirsson.

Öll réttindi áskilin.

Patterson 1958. Mynd frá Landmælingum Íslands.

Efnisyfirlit

Formáli 2

Fornleifar 2

Svæði til umfjöllunar 3

Aðfararorð 4

Flugslys 10

Broadstreet 11

Örnefni 12

Fornleifar 12

Vernd 13

Byggingasaga 14

Í hnotskurn 14

Þróun og yfirbragð byggðar 14

Hönnuðir 14

Kort 15

Verndarsvæði í byggð 16

Húsakönnun mannvirkja á Patterson 17

Varðveislumat fyrir hús og mannvirki 41

Varðveisluflokkarnir eru: 41

Svæði til umfjöllunar 42

Heimildaskrá: 43

Óprentaðar heimildir 43

Prentaðar heimildir 43

Ártöl bygginga og hönnuðir 43

Rafrænar heimildir 43

Loftmyndir og kort 44

Ljósmyndir 44

Formáli

Í skipulagslögum nr. 123/2010, gr.37 segir m.a. *„Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.“*

Byggða- og húsakönnun er *„byggingarlistarleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda*".[1] Í húsakönnun tekur varðveislumat til eftirtalinna þátta: byggingarlistar, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis og upprunalegrar gerðar húss. Út frá mati á þessum þáttum skulu færð rök fyrir varðveislugildi.[2]

Hér fer á eftir könnun byggðar við svonefndan Patterson flugvöll, en húsakönnunin er unnin að beiðni Byggðasafns Reykjanesbæjar og er unnin sem hluti þess að safna saman heimildum um veru hersins á Miðnesheiði. Einnig er könnunin fylgigagn með hugsanlegri umsókn um verndarsvæði í byggð.

Ekki er um að ræða tæmandi sögulega úttekt á viðkomandi svæði. Nauðsynlegt er hins vegar að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun skipulagssvæðisins í heild sinni.

Hver bygging hefur verið mynduð og - eins og unnt er út frá þeim gögnum sem til eru - ; byggingarár tilgreint, hönnuður/byggingaraðilar, efnisval skilgreint og breytingar skráðar.

Fornleifar

Ekki hefur farið fram fornleifarannsókn á Patterson svæðinu en vitað er að svokallaður Skipastígur sem lá frá Grindavík og að Stekkjarkoti í Innri Njarðvík liggur þar um. Lega hans var nokkurn veginn þar hitaveitulögnin frá Svartsengi og að Fitjum er staðsett. Skipastígurinn eru einu þekktu fornleifarnar sem þar er að finna og hugsanlega einhver vörðubrot honum tengd.

En eins og gefur að skilja er mikið af herminjum á og við Patterson þar sem hann flugvöllurinn var gerður sem herflugvöllur líkt og öll þau mannvirki sem þar eru og hafa verið.

[1] Minjastofnun Íslands: „Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana“
[2] Minjastofnun Íslands: „Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana“.

Svæði til umfjöllunar

Þær byggingar sem eru til umfjöllunar eru öll þau mannvirki sem fyrirfinnast við Patterson flugvöll ásamt þeirri einu byggingu sem eftir er við svæði sem nefnist Broadstreet og er um 4 km. austan við Patterson.



Kort af vef Landmælinga Íslands

Aðfararorð

Þann 11. júní 1941 komu átta yfirmenn Bandaríska hersins til Íslands og viku síðar, eða þann 18. júní, greindu þeir frá því að frá sjónarhóli verkfræðinganna hefði Ísland lítið upp á að bjóða. „Án trjáa var engan innlendan við að hafa og í raun þyrfti að flytja allt inn sem á þarf að halda. Hafnir eru litlar og ráða ekki við skip sem eru stærri en 470 fet og rista ekki dýpra en 21 fet. Veðurfarið biði upp á vetrarhita sem væri að meðaltali -1°C (30°F) og sumarhita með meðalhita um 11°C (52°F), rigningu með um 127 Sentímetra meðal ársúrkomu og vetrarvinda sem vætu um 36m/sek. Einungis hraungrjót, möl og sandur væri nóg af á hinni hráslagalegu eyju“.[3] Einnig sögðu þeir að hér væru tveir nothæfir flugvellir sem byggðir höfðu verið af Bretum en þeir þyrftu breytinga við til að fullnægja stöðlum og til að bera aukna umferð þyngri flugvéla. Fyrir utan flugvöllinn í Reykjavík og á Kaldaðarnesi við Selfoss voru nokkrar lélegar flugbrautir, svo sem á Garðskaga, og nýttu eingöngu til nauðlendinga. Flugbrautirnar á Melgerðismelum utan við Akureyri og Höfn í Hornafirði voru of langt frá til að falla að hugmyndum bandarískra hernaðaryfirvalda.

Í upphafi veru Bandaríkjahers var ætlunin með flugvelli við Keflavík og Njarðvík að hafa einungis einn flugvöll. Hann skyldi staðsettur á svokölluðum Sviðningum ofan við Njarðvíkurfitjar. Skyldi sá flugvöllur klæddur svokölluðum „Marston-mats“. En mottur þær voru gataðar járnplötur sem kræktust saman og mynduðu þannig heilu flugvellina og gátu borið uppi flugvélar á jarðvegi sem annars hefði ekki verið hægt að lenda á. Þessi járn gengu undir nafninu „Bretajárn“ hjá Íslendingum sem fundu mikil og fjölbreytt not fyrir þau eftir stríðið.

Sviðningarnir urðu fyrir valinu eftir að flugherinn hafði kannað nokkra staði svo sem Garðskaga og Sandskeið. Það kom svo í hlut byggingarsveitar flughersins að byggja flugvöllinn og skyldi hafist handa með hraði. Skyldi flugvöllurinn vera með tvær 1600 metra langar flugbrautir og skálahverfi fyrir flugsveitina. Eins átti byggingarsveit flughersins ráða til verksins íslenska verkamenn. Fyrstu liðsmenn 21. Byggingarsveitar hersins komu til landsins haustið 1941 en framkvæmdir við flugvallargerðina hófust 1942.

Þegar verkfræðideildin kom til landsins fóru að berast sérhæfð verkfæri til flugvallagerðar ásamt öðrum búnaði.[4] Til að byrja með fékk fjöldi Íslendinga vinnu við flugvallargerðina á Reykjanesi. Nokkur fjöldi Íslendinga fékk vinnu við flugvallagerðina. Fengu sumir þeirra þjálfun

[3] Beck. Alfred M. O.fl. bls 3.
[4] Beck. Alfred M. O.fl. bls 3.

í meðferð þungavinnuvéla sem áttu enga sína líka hér á landi, má þar nefna jarðýtur, krana, grjótmulningsvélar og malbikunarvélar. En með setningu öryggisreglna á svæðinu sumarið 1942 var öllum Íslendingunum sagt upp störfum og eftir það luku um 4500 Bandaríkjamenn verkinu. Hér var í raun um að ræða tvo samtengda flugvelli með sex löngum steinsteyptum og malbikuðum flugbrautum; annars vegar aðalflugvöllurinn á Háaleiti, Meeks-flugvöllur sem síðar varð Keflavíkurflugvöllur, og hins vegar Patterson-flugvöllur á Njarðvíkurheiði en hann var ekki notaður eftir stríð.[5] Patterson-flugvöllur var minni og einungis notaður fyrir orrustuflugvélar til varnar flugvöllunum báðum. Flugvellirnir voru teknir í notkun árin 1942 og 1943 og þar með gátu Bandaríkjamenn flutt sig frá Reykjavíkurflugvelli með meginhluta starfsemi sinnar.[6]

Fyrir utan flugvallagerð á Sviðningunum og Miðnesheiði stóð herinn fyrir vegabótum frá Reykjavík og hafnarbótum í Keflavík vegna aðflutninga.[7] Reiknað hefur verið út að heildarkostnaður við gerð flugvallanna tveggja og aðrar tilheyrandi framkvæmdir hafi jafngilt 9% vergrar landsframleiðslu Íslendinga árið 1943.[8]

Pattersonflugvöllur var gerður af Bandaríkjaher í síðari heimsstyrjöld og var tekinn í notkun 1942. Hann var mikilvægur áningarstaður herflugvéla á leið yfir Norður-Atlantshaf í styrjöldinni og var færður Íslendingum til eignar árið 1946 ásamt Meeks flugvelli. Vorið 1951 gerðu Ísland og Bandaríkin með sér varnarsamning og hafði bandaríska varnarliðið flugbækistöð á Keflavíkurflugvelli til ársins 2006.

Íslendingar við braggasmíði á Pattersonflugvelli sumarið 1942. Þrjár u.þ.b. 1,5 km langar flugbrautir voru lagðar í slakkanum handan við braggann.

Við hernám Íslands vorið 1940 var enga flugvelli að finna í landinu. Breska hernámsliðinu lá á að koma á fót eftirliti úr lofti til varnar hugsanlegri innrás Þjóðverja og sendi breski flotinn strax sveit lítilla sjóflugvéla til landsins sem starfaði þar um sumarið. Sléttir og harðir bakkar Ölfusár

[5] Arnór Gunnarsson. bls. 74
[6] Friðþór Eydal. bls. 66
[7] Friðþór Eydal. bls 85, 88
[8] Friðþór Eydal. bls. 94

í Kaldaðarnesi buðu upp á nánast eina hentuga flugvöllinn af náttúrunnar hendi í nágrenni Reykjavíkur en flestir herflugvellir til þess tíma voru grasi vaxnar grundir líkt og í Kaldaðarnesi. Sá hængur var þó á að flugvallarstæðið lá austan árinnar sem á það til að flæða þegar klakastíflur myndast í ánni á vetrum. Bretum var þetta vel ljóst en lá á og gerðu reyndar í fyrstu alls ekki ráð fyrir að stunda neitt flug á Íslandi yfir vetrarmánuðina. Flugstarfsemi hófst í Kaldaðarnesi um haustið en jafnframt var hafist handa við flugvallargerð í Reykjavík.

Síðari hluta ársins 1940 varð ljóst að þýski kafbátaflotinn léti ekki sitja við árásir á skip undan Bretlandsströndum og myndi færa athafnasvæði sitt vestar á Atlantshaf eftir því sem varnirnar styrktust. Flugvélar höfðu þegar sannað gildi sitt við varnir gegn kafbátum og því brýnt að koma upp aðstöðu fyrir stærri og öflugri eftirlitsflugvélar sem víðast svo veita mætti skipalestum vernd lengra frá landi. Reykjavíkurflugvöllur var tilbúinn til notkunar sumarið 1941 um það bil er þýskir kafbátar fóru að herja á skipalestir suður af landinu. Þá var hafist handa við að stækka flugvöllinn í Kaldaðarnesi. Báðir flugvellirnir voru þó einungis búnir einni flugbraut í fyrstu og voru því sléttaðir lendingarstaðir á nokkrum stöðum sem nota mátti í neyð. Einn slíkur neyðarflugvöllur var gerður á Garðskaga og voru það fyrstu flugvallarframkvæmdir á Suðurnesjum.

Bygging 2006. Steinsteypt bygging sem var líklega nýtt til varðveislu einhvers viðkvæms búnaðar. Á nokkrum stöðum innan byggingarinnar eru merkingar sem segja „Personnel must ground self before handling electronic initiated munitions“

Mynd: Helgi Biering

Bandaríkin hófu að styrkja herlið Breta hér á landi sumarið 1941 samkvæmt samningi við íslensk stjórnvöld með það fyrir augum að leysa breska herinn af hólmi. Bandaríkin voru ekki orðin þátttakendur í styrjöldinni en skyldu m.a. annast loftvarnir með orrustuflugvélum á Reykjavíkurflugvelli. Bandaríska herráðið ráðgerði að byggja stóran flugvöll fyrir sprengju- og eftirlitsflugvélar á suðvesturhorni landsins. Og þar sem allt of þröngt var um orrustuflugsveitna á Reykjavíkurflugvelli með öðrum flugsveitum sem þar voru var einnig byggður annar minni fyrir hana á Njarðvíkurheiði. Bandaríkjamenn sáu strax að Suðurnesin væru vel til þess fallin að byggja slíka flugvelli, enda Bretar þegar með vísi að flugvelli á Garðskaga og utanverður Reykjanesskaginn nánast hindrunarlaus til flugs.

Árás Japana á herstöðvar Bandaríkjanna á Hawaiieyjum 6. desember 1941 breytti gangi styrjaldarinnar og áætlunum Bandaríkjamanna. Stóru sprengju- og eftirlitsflugvélarnar sem áætlað var að senda til Íslands voru sendar til bækistöðva við Kyrrahaf. Þörfin á stórum flugvelli af þessu tagi var þó enn fyrir hendi þótt á annan veg væri. Ljóst var að flytja þyrfti mikinn fjölda flugvéla frá Bandaríkjunum til Bretlands til þátttöku í styrjöldinni í Evrópu en Bretar höfðu fest kaup á fjölda flugvéla í Bandaríkjunum og Kanada og flogið mörgum þeirra yfir hafið með viðkomu á Reykjavíkurflugvelli.

Flugvöllum Bandaríkjahers var valinn staður upp af Njarðvíkurfitjum og á Háaleiti ofan Keflavíkur. Bretar höfðu gert drög að stækkun varaflugvallarins á Garðskaga en þær mæltust ekki vel fyrir sökum skorts á landrými fyrir það risa mannvirki sem Bandaríkjaher hafði á teikniborðinu. Úrslitum um staðarvalið réð jökulgarðurinn á Háaleiti sem hafði að geyma heppileg jarðefni til fyllingar undir flugbrautirnar og ekki þótti hagkvæmt að flytja langan veg. Samdist svo um að íslenska ríkið útvegaði landrými fyrir flugvelli og tengda starfsemi sem skilað yrði aftur með öllum mannvirkjum til íslensku þjóðarinnar til eignar að styrjöldinni lokinni.

Pattersonflugvöllur árið 1958. Flugbrautirnar voru um 1,5 km að lengd hver um sig og akstursbrautir tengdu brautarenda saman í hring.

Mynd LMÍ

Framkvæmdir hófust við lagningu flugvallarins upp af Fitjum í febrúar 1942 og var verkið unnið af byggingarsveit flughersins ásamt u.þ.b. 100 íslenskum verkamönnum og vörubílstjórum. Íslensku starfsmennirnir hurfu á braut í júníbyrjun þegar nýjar reglur um hernaðaröryggi tóku gildi og bönnuðu alla umferð annarra en hermanna innan flugvallarsvæðisins. Skömmu áður hóf bandarískt verktakafyrirtæki framkvæmdir fyrir Bandaríkjaher hér á landi og tóku starfsmenn þess við af heimamönnum sem fengin voru verkefni á vegum hersins annars staðar. Illa gekk þó að fá hæfa bandaríska verkamenn til starfa á Íslandi og var gripið til þess ráðs að senda nýstofnaða byggingarsveit flotans til landsins sem tók við mannvirkjagerðinni ásamt byggingarsveitum hersins. Flugvöllurinn sem hlaut nafnið Patterson Field var tilbúinn til

takmarkaðrar umferðar sumarið 1942 þegar flugvélum 8. flughersins bandaríska, sem hefja skyldu loftárásir á Þýskaland, var flogið til Bretlands með viðkomu á Grænlandi og Íslandi.

Alls störfuðu um 3.000 manns við gerð þessara tveggja flugvalla þegar mest var og lauk verkinu árið eftir en vinna við Patterson lá niðri um veturinn. Bandaríkjamenn nefndu flugvöllinn á Háaleiti *Meeks-Field* eftir ungum bandarískum orrustuflugmanni sem fórst í flugslysi á Reykjavíkurflugvelli 19. ágúst 1941 skömmu eftir komuna til landsins. Patterson-flugvöllur var að sama skapi nefndur eftir öðrum ungum flugmanni sem einnig lét lífið hér á landi nokkru síðar.

Meeks-flugvöllur sem nú nefnist Keflavíkurflugvöllur var tekinn í notkun í apríl 1943 en smíði beggja flugvallanna og tilheyrandi mannvirkja var lokið þá um haustið. Alls risu 49 herskálahverfi á víð og dreif um flugvallarsvæðið og annars staðar á Suðurnesjum í tengslum við flugvellina og varnarviðbúnað sem fylgdi starfseminni.

Flugumferð var að mestu aðskilin á flugvöllunum við Keflavík. Um Meeks-flugvöll fóru eingöngu ferju- og áætlunarvélar en auk þess fengu kafbátaleitarflugvélar breska flughersins af gerðinni B-24 Liberator sem aðsetur höfðu á Reykjavíkurflugvelli þar aðstöðu. Starfrækslu Patterson-flugvallar var hætt í stríðslok en almennt millilandaflug hófst þá um Meeks-flugvöll.



Flugvellir Bandaríkjahers við Keflavík við verklok síðla árs 1943. Stærri völlurinn Meeks Field síðar Keflavíkurflugvöllur þjónaði millilandaflugi og þar gat fjöldi flugvéla haft viðdvöl í einu. Flugvöllurinn hefur verið stækkaður verulega. Minni flugvöllurinn, Patterson Field var aðsetur orrustuflugvéla sem önnuðust loftvarnir. Á flugvallarsvæðinu risu alls 43 herskálahverfi sem hýst gátu 10.000 manns auk flugskýla, eldsneytistanka og annarra mannvirkja sem tengdust starfseminni.

Ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna undirrituðu samning haustið 1946 sem kvað á um um brottför Bandaríkjahers, sem þá taldi einungis um 1.000 menn sem störfuðu við rekstur Keflavíkurflugvallar. Samningurinn sem jafnan er nefndur Keflavíkursamningurinn veitti Bandaríkjastjórn heimild til þess að nota flugvöllinn til millilendingar herflugvéla á leiðinni til og frá Evrópu í tengslum við hersetuna í Þýskalandi. Flugvellirnir og önnur mannvirki urðu eign Íslendinga eins og til stóð en

Bandaríkjastjórn stóð áfram straum af rekstrarkostnaði flugvallarins sem hlaut nafnið Keflavíkurflugvöllur.

Síðustu bandarísku hermennirnir héldu af landi brott 8. apríl 1947 og tók flugfélagið American Overseas Airlines við flugvallarrekstrinum og réð bandaríska og íslenska starfsmenn til verksins. Starfsemin var að flestu leyti sambærileg við það sem verið hafði á stríðsárunum, nema að nú var umferðin að miklu leyti evrópskar og bandarískar farþegaflugvélar sem millilentu ásamt bandarískum herflugvélum. Keflavíkursamningurinn kvað á um að Íslendingar skyldu þjálfaðir í sem flestum störfum við flugvallarreksturinn og var fljótlega ráðið í störf verka- og iðnaðarmanna og þjónustustörf af ýmsu tagi. Það var þó ekki fyrr en seint á árinu 1949 að Íslendingar hófu að vinna sérhæfð tæknistörf, t.d. við flugumferðarstjórn.

Sprengjugeymsla 2026 haustið 2019. Þessi geymsla er ein af upphaflegri gerð og enn með stálframhlið. Á mörgum öðrum er búið að steypa upp framhliðina. Mynd: Helgi Biering.

Við stofnun varnarliðsins vorið 1951 tók flutningadeild bandaríska flughersins við rekstri Keflavíkurflugvallar og hótelsins, en Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar annaðist afgreiðslu farþegaflugvéla sem leið áttu um flugvöllinn og aðra almenna flugþjónustu. En Patterson flugvöllur fékk það hlutverk að vera geymslusvæði fyrir tækjabúnað og sprengiefni þar til að herinn fór aftur árið 2006.

Flugslys

Eitthvað var um flugslys á og í kringum Patterson flugvöllinn og ætla ég að minnast á þau sem þar urðu. Hugsanlegt er að eitthvað sé af hlutum á Vogshól þar sem tvær af þessum flugvélum komu niður á nánast sama blettinn.

27. desember 1942 fórst Catalina flugbátur á Vogshóll sem er við austurenda Patterson, vélin var á leiðinni í kafbátaleit þegar hún lenti í hvössum éljabakka og fórst um fimmtán mínútum eftir að hún fór á loft. Allir níu áhafnarmeðlimirnir fórust Njarðvíkurheiði.

Flugvélin Big Bastard á maganum eftir magalendinguna.
Flugvélin var af gerðinni P-47D Thunderbolt.
Mynd af vefnum stríðsminjar.is

11. janúar 1943 magalenti P-40 Warhawk á Patterson flugvellinum. Flugmaðurinn slapp og flugvélin skemmdist minniháttar og var löguð.

25. janúar 1944 brotlenti UC-45E Expeditor stuttu eftir flugtak frá Patterson. Brotlendingarstaðurinn er ekki staðfestur. Flugmaður og farþegar lifðu slysið af.

22. apríl 1944 brotlenti Stinson Vigilant á Patterson. Flugvélin skemmdist mikið og var afskrifuð. Flugmaðurinn lifði af slysið.

UC-45E Expeditor svipuð þeirri sem fórst við Patterson.
Mynd af vefnum stríðsminjar.is

12. maí 1944 hlekktist tveggja hreyfla Douglas Boston á Patterson flugvelli. Eldur kom upp í henni og hún eyðilagðist í eldinum. Allir þrír áhafnarmeðlimirnir komust ómeiddir frá þessu.

11. júní 1944 magalenti P-47 Thunderbolt á Patterson vegna tæknilegra vandamála. Vélin skemmdist töluvert en flugmaðurinn slapp ómeiddur.

8. júlí 1944 hrapaði svo P-47 Thunderbolt í Vogshól skömmu eftir flugtak en flugmaðurinn slapp út í fallhlíf. Sami flugmaður var í sömu stöðu rétt um mánuði fyrr þegar önnur P-47 hrapaði við Húsatóftir hjá Grindavík.

Broadstreet

Allt frá því að herinn tók sér bólsetu á Suðurnesjum tók hann ýmis svæði undir aðgerðir sínar. Sviðningarnir á Njarðvíkurheiði og Háaleiti á Miðnesheiði ásamt fleiri stöðum. Sá fjölbreytti rekstur sem fylgdi hernum var af ýmsum toga s.s. sjúkrahús, flugvellir, útvarpsstöð og fjarskiptastöðvar. En það er einmitt það sem var sett niður á Broadstreet. Sú stöð annaðist samskipti við flugvélar á flugleiðinni milli Evrópu og Bandaríkjanna og var rekin af flugfjarskiptadeild Bandaríkjahers (Army Airways Communications System).[9] Má þar enn sjá veggi byggingar er reyndar reist eftir stríð í sama tilgangi. Sendistöðin á Camp Broadstreet sá um langdræg fjarskipti við flugstjórnarmiðstöðvar og flugvélar í millilandaflugi. Hún var oft nefnd útvarpsstöðin en þar var þó ekki um að ræða útvarpssendingar eins og við þekkjum í dag sem útvarpssendingar frá útvarpsstöð með talað mál og tónlist. Í skálahverfum eins og Broadstreet var sjálfstæð vatns- og rafveita. Þar voru í upphafi 36 véla- og íbúðaskálar ásamt sex litlum steinhlöðnum húsum fyrir loftskeytasendana sem voru við stærstu loftnetin. Þessir sendar voru undir stöðugu eftirliti tæknimanna sem bjuggu í húsunum þar sem sendarnir voru. Stöðin sendi stöðugt út skeyti sem bárust til hennar um símalínur frá fjarskiptamiðstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Til viðbótar skeytasendingum af Keflavíkurflugvelli áframsendi stöðin skeyti varðandi veður og flugstarfsemi milli stöðva beggja vegna Atlantshafsins, frá Stornoway og Prestwick í Skotlandi annars vegar og Narsarsuaq og Ikkateq á Grænlandi hins vegar. Rekstri fjarskiptastöðvarinnar við Broadstreet var haldið áfram eftir stríðið af bandarísku verktakafyrirtæki sem lét reisa steinsteypta byggingu yfir starfsemina árið 1948. Veggirnir af þeirri byggingu standa enn.[10] Eitt af vandamálum sem menn áttu við að glíma voru skemmdir á símastrengjum þeim sem lágu

Það sem eftir stendur af steinsteyptu byggingunni við Broadstreet í janúar 2019. Þessi bygging var byggð 1948 og notuð frá 1949 til 1955. Mynd: Helgi Biering.

[9] Friðþór Eydal. bls. 200
[10] Friðþór Eydal. bls. 198-199

að Broadstreet. Strengirnir voru samsettir af 80 – 100 línupörum í jarðstreng en samsetning strengjanna var á lágum staurum sem voru með nokkur hundruð metra millibili. Þessir staurar voru oft skotmörk manna á helgarskytterí, fyrir vikið fór mikill tími í viðgerðir á samsetningarmúffum og strengjum.[11]

Örnefni

Fátt er um örnefni á því svæði sem til skoðunar er. Þau sem finnast eru Sjónarhóll, Vogshóll, Sviðningar, Njarðvíkurfitjar, Ketilsbrekka og Ásendi. Allt eru þetta þekkt örnefni á annars örnefnasnauðu landslagi Patterson flugvallar. En við Broadstreet eru örnefnin Bjallar, Seltjörn og Sólbrekkur þekktust.

Lega skipsstígs í grófum dráttum

Fornleifar

Fátt er um þekktar fornleifar á Patterson svæðinu eða annars staðar á Sviðningunum.

Skipsstígur, eða Járngerðarstaðastígur, var þjóðleiðin úr Járngerðarstaðahverfi í Grindavík til Keflavíkur.[12] Þegar Skipsstígur er genginn frá Njarðvík og til Grindavíkur sjást tveir áberandi hólar í Njarðvíkurheiðinni. Annar heitir Vogshóll en hinn Sjónarhóll. Skipsstígurinn liggur fyrir austan Vogshól og vestan Sjónarhóls.[13]

Fjöldinn allur er af ummerkjum um veru hersins hér á stríðsárunum auk yngri byrgja frá varnarliðinu. Engin fornleifarannsókn eða skráning hefur farið fram á því landsvæði sem til umfjöllunar er.

[11] Friðþór Eydal. bls. 199
[12] Ómar Smári Árnason. bls 52
[13] Ómar Smári Árnason. bls 64

Vernd

Í dag nýtur svæðið við Patterson engrar verndar en þó hafa verið uppi hugmyndir um að gera hluta Patterson flugvallar að verndarsvæði í byggð. Hugmyndirnar eru enn á umræðustigi og engin ákvörðun verið tekin um það efni. Áhugavert væri að sjá hugmyndir að nýtingu svæðisins sem verndarsvæðis í byggð og ljóst að möguleikarnir eru margir. Einnig gæti verið áhugavert að sjá svæðið í rauðum verndarflokki fyrir sakir sérstakra bygginga og sögu svæðisins.

Byggingasaga

Í hnotskurn

Allt frá fyrstu dögum veru Bandaríkjahers á Suðurnesjum var þörf á að reisa húsnæði fyrir starfsemina. Ýmist geymslubragga, flugskýli og hvað eina sem þurfti til að veita skjól þarfnaðist skjóls fyrir veðri og vindum. Braggar og önnur fljótt byggð bráðabirgðahúsnæði voru í upphafi það sem reist var. Síðar komu svo hús sem voru ætluð til að standa allt að 25 ár ásamt byggingum sem reistar voru til langs tíma.



Dæmigert herskálahverfi á Keflavíkurflugvelli og við Patterson sumarið 1944. Camp Turner var aðsetur liðsveitar sem annaðist flugvallarreksturinn. Þar var síðar aðsetur flugvallarstjóra. Keflavík í baksýn.

Þróun og yfirbragð byggðar

Í upphafi var nánast eingöngu reist bráðabirgðahúsnæði og síðar einnig töluvert mikið af stálgrindarhúsum.[14] Eftir að herinn kom aftur hóf hann að reisa sprengjugeymslur sem enn standa víðs vegar um flugvallasvæði Patterson svæðisins.

Þau mannvirki sem eftir standa eru þöglir minnisvarðar liðinna áratuga, ára seinni heimstyrjaldarinnar og kalda stríðsins á íslandi.

Hönnuðir

Hönnuðir þeirra húsa sem Húsakönnunin nær yfir er verkfræðideild Bandaríska hersins.

[14] Friðþór Eydal. *Frá Heimsstyrjöld til herverndar, Keflavíkurstöðin 1942 – 195.* bls 267.

Kort

Kort af kortavefsjá Landmælinga Íslands

Verndarsvæði í byggð

Kort af vef Landmælinga Íslands. Hugmynd af verndarsvæði í byggð

Húsakönnun mannvirkja á Patterson

Mynd: Helgi Biering

Byggingarár: 1965

Fyrsti eigandi: Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli
Hönnuður: Edvard and Kelcey inc / Shriver & Holland

Upphafleg notkun: Skotæfingarhús / Hernaðarmannvirki
Núverandi notkun: Æfingarhús Lögreglu

Loftmynd: LMI.

Mynd: Helgi Biering. 25 október 2018

Gerð húss:	**Upphafleg:**	**Núverandi:**	**Helstu breytingar:**	**Hönnuðir breytinga:**
Byggingarefni:	Stál	Stál		
Útveggir:	Stálplötur	Stálplötur		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Mótaðar málmplötur		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft Portbyggt Reykháfur Útskot (karnap) Viðbygging	Einlyft Inngönguskúr (bíslag) Portbyggt Reykháfur		

Saga

Húsið skipti um hlutverk eftir að herinn fór frá íslandi 2006 og var gert að æfingarhúsnæði fyrir íslensku lögregluna.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Húsið er gömul stálgrindarskemma
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er hluti sögu varnarliðs á Íslandi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið stendur eitt og sér og er ekki hluti götumyndar.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Húsið er í upprunalegri mynd.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Húsið er í góðu ástandi og er enn í notkun.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Vegna sögu hússins og ástands er það metið með miðlungs varðveislugidi.
Verndarflokkar:		

Byggingarár: 1965 Patterson 2070 Patterson 2070

Fyrsti eigandi: Bandaríski herinn
Hönnuður: Edwards and Kelcey INC / Shiver & Holland

Upphafleg notkun: Sprengju- og skotfærageymsla
Núverandi notkun: Húsnæðið er ekki nýtt að nbeinu leiti í

Loftmynd LMI

Mynd: Helgi Biering. Okt. 2018.

Gerð húss:	**Upphafleg:**	**Núverandi:**	**Helstu breytingar:**	**Hönnuðir breytinga:**
Byggingarefni:	Stál	Stál	Framhlið steypt upp	
Útveggir:	Torf	Torf		
Þakgerð:	Bogaþak	Bogaþak		
Þakklæðning:	Torf	Torf		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft Portbyggt	Einlyft Portbyggt		

Saga

Á níunda áratug tuttugustu aldar var framhlið sprengjugeymslunnar steyptur upp og nýjar hurðir settar á hana. Ástæða þess er að vegna frostlyftinga í jarðvegi þeim sem er yfir mannvirkinu var farið að bera á því að framhliðar húsanna væru farnar að losna frá meginbyggingunni.
Sprengjugeymslan stendur við gamlan flugvöll frá því í seinni heimstyrjöldinni. Flugvöllurinn var einungis notaður sem flugvöllur á meðan á styrjöldinni stóð. Eftir að herinn kom aftur 1951 var flugvöllurinn einungis notaður sem geymslusvæði og þá lengst af sem sprengjugeymslusvæði uns herinn fór aftur 2006.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Sprengjugeymslan er á nokkurn hátt einstakt mannvirki í byggingasögu Íslendinga
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Byggingin skipar sess í sögu varnarliðsins á Íslandi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Byggingin er lítt áberandi í umhverfi sínu eins og hún er hönnuð til.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggingunni hefur var breytt er stafn var steyptur upp.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Byggingin er í lélegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Vegna ástands, breytingasögu og fjölda annarra samskonar mannvirkja
Verndarflokkar:	Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1965 Patterson 2071 Patterson 2071

Fyrsti eigandi: Varnarliðið á Keflavíkurflugv
Hönnuður: Edwards and Kelcey INC / Shiver & Holland

Upphafleg notkun: Sprengju- og skotfærageymsla
Núverandi notkun: Aflögð sprengiefnageymsla

Loftmynd LMI

Mynd: Helgi Biering. Okt. 2018.

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Stál	Stál	Framhlið steypt upp	
Útveggir:	Torf	Torf		
Þakgerð:	Bogaþak	Bogaþak		
Þakklæðning:	Torf	Torf		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft Portbyggt	Einlyft Portbyggt		

Saga

Á níunda áratug tuttugustu aldar var framhlið sprengjugeymslunnar steyptur upp og nýjar hurðir settar á hana. Ástæða þess er að vegna frostlyftinga í jarðvegi þeim sem er yfir mannvirkinu var farið að bera á því að framhliðar húsanna væru farnar að losna frá meginbyggingunni.
Sprengjugeymslan stendur við gamlan flugvöll frá því í seinni heimstyrjöldinni. Flugvöllurinn var einungis notaður sem flugvöllur á meðan á styrjöldinni stóð. Eftir að herinn kom aftur 1951 var flugvöllurinn einungis notaður sem geymslusvæði og þá lengst af sem sprengjugeymslusvæði uns herinn fór aftur 2006.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Á nokkurn hátt sérstök bygging sem þó er algengur herbraggi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Byggingin skipar sess í sögu varnarliðsins á Íslandi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Byggingin er lítt áberandi í umhverfi sínu eins og hún er hönnuð til.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggingunni hefur var breytt er stafn var steyptur upp.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Byggingin er í lélegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Vegna ástands, breytingasögu og fjölda annarra samskonar mannvirkja
Verndarflokkar:	Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1965 Patterson 2072 Patterson 2072

Fyrsti eigandi: Varnarliðið á Keflavíkurflugv
Hönnuður: Edwards and Kelcey INC / Shiver & Holland

Upphafleg notkun: Sprengju- og skotfærageymsla
Núverandi notkun:

Loftmynd LMI

Mynd: Helgi Biering. Okt. 2018.

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Stál	Stál	Framhlið steypt upp	
Útveggir:	Torf	Torf		
Þakgerð:	Bogaþak	Bogaþak		
Þakklæðning:	Torf	Torf		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft Portbyggt	Einlyft Portbyggt		

Saga

Á níunda áratug tuttugustu aldar var framhlið sprengjugeymslunnar steyptur upp og nýjar hurðir settar á hana. Ástæða þess er að vegna frostlyftinga í jarðvegi þeim sem er yfir mannvirkinu var farið að bera á því að framhliðar húsanna væru farnar að losna frá meginbyggingunni.
Sprengjugeymslan stendur við gamlan flugvöll frá því í seinni heimstyrjöldinni. Flugvöllurinn var einungis notaður sem flugvöllur á meðan á styrjöldinni stóð. Eftir að herinn kom aftur 1951 var flugvöllurinn einungis notaður sem geymslusvæði og þá lengst af sem sprengjugeymslusvæði uns herinn fór aftur 2006.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Á nokkurn hátt sérstök bygging sem þó er algengur herbraggi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Byggingin skipar sess í sögu varnarliðsins á Íslandi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Byggingin er lítt áberandi í umhverfi sínu eins og hún er hönnuð til.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggingunni hefur var breytt er stafn var steyptur upp.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Byggingin er í lélegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Vegna ástands, breytingasögu og fjölda annarra samskonar mannvirkja
Verndarflokkar:	Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1965 Patterson 2073 Patterson 2073

Fyrsti eigandi: Varnarliðið á Keflavíkurflugv
Hönnuður: Edwards and Kelcey INC / Shiver & Holland

Upphafleg notkun: Sprengju- og skotfærageymsla
Núverandi notkun:

Loftmynd LMI

Mynd: Helgi Biering. Okt. 2018.

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Stál	Stál	Framhlið steypt upp	
Útveggir:	Torf	Torf		
Þakgerð:	Bogaþak	Bogaþak		
Þakklæðning:	Torf	Torf		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft Portbyggt	Einlyft Portbyggt		

Saga

Á níunda áratug tuttugustu aldar var framhlið sprengjugeymslunnar steyptur upp og nýjar hurðir settar á hana. Ástæða þess er að vegna frostlyftinga í jarðvegi þeim sem er yfir mannvirkinu var farið að bera á því að framhliðar húsanna væru farnar að losna frá meginbyggingunni.
Sprengjugeymslan stendur við gamlan flugvöll frá því í seinni heimstyrjöldinni. Flugvöllurinn var einungis notaður sem flugvöllur á meðan á styrjöldinni stóð. Eftir að herinn kom aftur 1951 var flugvöllurinn einungis notaður sem geymslusvæði og þá lengst af sem sprengjugeymslusvæði uns herinn fór aftur 2006.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Á nokkurn hátt sérstök bygging sem þó er algengur herbraggi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Byggingin skipar sess í sögu varnarliðsins á Íslandi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Byggingin er lítt áberandi í umhverfi sínu eins og hún er hönnuð til.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggingunni hefur var breytt er stafn var steyptur upp.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Byggingin er í lélegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Vegna ástands, breytingasögu og fjölda annarra samskonar mannvirkja
Verndarflokkar:	Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1965 Patterson 2074 Patterson 2074

Fyrsti eigandi: Varnarliðið á Keflavíkurflugv
Hönnuður: Edwards and Kelcey INC / Shiver & Holland

Upphafleg notkun: Sprengju- og skotfærageymsla
Núverandi notkun:

Loftmynd LMI

Mynd: Helgi Biering. Okt. 2018.

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Stál	Stál	Framhlið steypt upp	
Útveggir:	Torf	Torf		
Þakgerð:	Bogaþak	Bogaþak		
Þakklæðning:	Torf	Torf		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft Portbyggt	Einlyft Portbyggt		

Saga

Á níunda áratug tuttugustu aldar var framhlið sprengjugeymslunnar steyptur upp og nýjar hurðir settar á hana. Ástæða þess er að vegna frostlyftinga í jarðvegi þeim sem er yfir mannvirkinu var farið að bera á því að framhliðar húsanna væru farnar að losna frá meginbyggingunni.
Sprengjugeymslan stendur við gamlan flugvöll frá því í seinni heimstyrjöldinni. Flugvöllurinn var einungis notaður sem flugvöllur á meðan á styrjöldinni stóð. Eftir að herinn kom aftur 1951 var flugvöllurinn einungis notaður sem geymslusvæði og þá lengst af sem sprengjugeymslusvæði uns herinn fór aftur 2006.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Á nokkurn hátt sérstök bygging sem þó er algengur herbraggi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Byggingin skipar sess í sögu varnarliðsins á Íslandi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Byggingin er lítt áberandi í umhverfi sínu eins og hún er hönnuð til.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggingunni hefur var breytt er stafn var steyptur upp.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Byggingin er í lélegu ástandi.
Varðveislugildi:	Miðlungs	Vegna ástands, breytingasögu og fjölda annarra samskonar mannvirkja
Verndarflokkar:	Götumynd - rauður litur á korti / Varðveisluverð heild - gulur litur á korti	

Byggingarár: 1965 Patterson 2075 Patterson 2075

Fyrsti eigandi: Varnarliðið á Keflavíkurflugv
Hönnuður: Edwards and Kelcey INC / Shiver & Holland

Upphafleg notkun: Sprengju- og skotfærageymsla
Núverandi notkun:

Loftmynd LMI

Mynd: Helgi Biering. Okt. 2018.

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Stál	Stál	Framhlið steypt upp	
Útveggir:	Torf	Torf		
Þakgerð:	Bogaþak	Bogaþak		
Þakklæðning:	Torf	Torf		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft Portbyggt	Einlyft Portbyggt		

Saga

Á níunda áratug tuttugustu aldar var framhlið sprengjugeymslunnar steyptur upp og nýjar hurðir settar á hana. Ástæða þess er að vegna frostlyftinga í jarðvegi þeim sem er yfir mannvirkinu var farið að bera á því að framhliðar húsanna væru farnar að losna frá meginbyggingunni.
Sprengjugeymslan stendur við gamlan flugvöll frá því í seinni heimstyrjöldinni. Flugvöllurinn var einungis notaður sem flugvöllur á meðan á styrjöldinni stóð. Eftir að herinn kom aftur 1951 var flugvöllurinn einungis notaður sem geymslusvæði og þá lengst af sem sprengjugeymslusvæði uns herinn fór aftur 2006.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Miðlungs	Á nokkurn hátt sérstök bygging sem þó er algengur herbraggi.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Byggingin skipar sess í sögu varnarliðsins á Íslandi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Byggingin er lítt áberandi í umhverfi sínu eins og hún er hönnuð til.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Byggingunni hefur var breytt er stafn var steyptur upp.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Byggingin er í lélegu ástandi.
